

## Reglur

1. Allar merkingar fyrirtækja eru háðar sérstöku leyfi fulltrúa Þjóðminjasafns. Þær skal ekki hafa utan dyra og aðeins í anddyri, veitingastofu og fyrirlestrasal.
2. Ekki er leyfilegt að fara með mat og drykk inn í fyrirlestrasal.
3. Veitingastofa Þjóðminjasafns, Kaffitár, hefur umsjón með öllum veitingum í húsinu. Athugið að skipuleggjendur þurfa sjálfir að hafa samband við Kaffitár (Freyja Vals Sesseljudóttir, freyja@kaffitar.is).
4. Veitingar skulu að öllu jöfnu bornar fram í veitingastofu, anddyri eða Myndasal (ef sýning þar leyfir).
5. Veitingar skal bera fram eftir heimsókn í sýningarsali safnsins, ekki fyrir heimsóknina.
6. Þeim sem skipuleggja móttökur í húsakynnum safnsins er heimilt að koma með eigin tónlistarflutning. Ákvörðun um slíkt skal þó ávallt borin undir fulltrúa Þjóðminjasafns.

## Gjaldskrá

Virka daga: heill dagur **56.000 kr.** / hálfur dagur fyrir/eftir hádegi (1-4 klst) **38.000kr.** Um helgar: heill dagur **62.000 kr.** / hálfur dagur fyrir/eftir hádegi (1-4 klst.) **44.000 kr.** Aukagjald á klst. utan venjulegs opnunartíma: **15.000 kr.**

Salur sem bókaður er hálfan dag er leigður annað hvort fyrir eða eftir hádegi. Gjald fyrir hádegisleigu er hið sama. Ef þörf er á sal báðum megin við hádegi telst það heill dagur.

Þegar salur er bókaður þrisvar sinnum eða oftár á skömmum tíma vegna sama tilefnis (námskeið/fræðsluherferð o.fl) þá er veittur 10% afsláttur af öllum bókunum.

Vaktstjóri veitir alla minni háttar aðstoð, en ef viðveru **tæknimanns** er óskað kostar það **15.000 kr** á klst og þarf að bóka hann um leið og salur er pantaður.

**Fyrirlestrarsalur tekur 56 manns í sæti.** Þar er tölva, skjávarpi, tússtafla og myndvarpi. Einnig er hægt að setja upp skyggjusýningavél ef látið er vita af því með fyrirvara. Fyrirlesarar koma með efni sitt á minniskubbi (pc-umhverfi).

Hægt er að bæta við 40 aukastólum, þar af 30 stólum í hliðarsal inn af fyrirlestrarsalnum, og er hann með sýningartjaldi og hljóðkerfi.

Athugið að salurinn er almennt ekki leigður út á mánudögum að vetri til.

**Móttökur fara alla jafna fram utan hefðbundins opnunartíma.** Grunnjald fyrir minni móttökur allt að 50 manns er 100.000 kr, innifalið er aðgangur að sýningum safnsins og almennri leiðsögn milli kl. 17-18.

Fyrir stærri móttökur - hafið samband við bokun@thjodminjasafn.is

Móttökur standa almennt ekki lengur yfir en til kl. 20:00 nema í algjörum undantekningartilfellum. Reglan er sú, að byrjað er á leiðsögn og veitingar bornar fram í anddyri eða Myndasal (ef sýning þar leyfir) að leiðsögninni lokinni. Neysla veitinga í hvað formi sem er eru ekki leyfilegar í sýningarsölum safnsins á annarri og þriðju hæð.

## BÓKANIR

Bókanir skal senda til Þjóðminjasafnsins í tölvupósti. Vinsamlega fyllið í eyðublaðið hér undir, vistið það undir nafni hópsins og sendið síðan tilbaka í tölvupósti. Bóka þarf með minnst þriggja daga fyrirvara.

Bókanir á fyrirlestrasal og/eða móttökum hópa berist til: [bokun@thjodminjasafn.is](mailto:bokun@thjodminjasafn.is)

### Vinsamlega merkið við allt sem við á í bókun:

Fyrirlestarsalur hálfur dagur - Tími frá: til:

Fyrirlestarsalur heill dagur - Tími frá: til:

Væntanlegur fjöldi gesta

\*Húsið opnar klukkan 10:00. Viðburður getur því ekki hafist fyrr en 10:30. Opnun utan hefðbundins opnunartíma er háð því að hægt sé að manna húsið.

Móttaka í Myndasal

Veitingar. ATH leigutaki þarf sjálfur að hafa samband við Kaffitár.(Freyja Vals Sesseljudóttir - freyja@kaffitar.is - 530 2204).

Upplýsingar um greiðanda

Nafn: Kennitala:

Netfang: Sími:

Heimili: Póstnúmer:

Staður:

Tengiliður (ef annar en greiðandi):

Nafn: Sími:

Netfang:

Aðrar upplýsingar: